



Vísukorn og ljóð  
Heiða Jónsd.

Gættu að því hvað  
þú ert að hugsa.

Veldu að hugsa jákvætt og fallega,  
svo tilvera þín verði í samræmi við  
það. Hugsaðu um hvað þú vilt hafa í  
lífi þínu og hvernig þú vilt að líf þitt  
sé, en ekki um það sem þú vilt ekki.  
Sjáðu það jákvæða í öllu og  
einblíndu á það, þá verður lífið svo  
miklu léttara. Og mundu að lífið á  
ekki að vera eintómt streð og púl,  
lífið á að vera skemmtilegt.

Njóttu lífsins og njóttu þess að vera til.



# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

44. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 2. nóv. 2015

**Afmælisbörn dagana 3. des. — 10. des. 2015**

3. Þorgerður Egilsdóttir.
4. Adolfo Garcia Avila.
5. María Sigurrós Ingadóttir.
6. Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristín Þ. Sverrisdóttir.
7. Jóhanna Harpa Sigurðardóttir.
9. Atli Sigurðarson, Lárus Björnsson.

## Mýflugan

Kæru lesendur  
og viðskiptavinir.

### ATHUGIÐ!

Næsta Mýfluga kemur út **fimmtudaginn 10. desember**  
en ekki miðvikudaginn 9. desember.  
Skilafrestur er kl. 14:00 miðvikudaginn 9. des.

Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.  
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.  
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.  
Jólakveðja 2.000 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



## Kynningarfundur um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Skútustaðahreppi.

Kynningafundur fyrir íbúa um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Skútustaðahreppi sem tekið verður upp á næsta ári verður haldinn í Félagsheimilinu Skjólbrekku, miðvikudaginn 9. desember kl. 20:00.

Á fundinum munu fulltrúar frá Gámaþjónustu Norðurlands fjalla um innleiðingu á nýju flokkunar- og endurvinnslukerfi og svara fyrirspurnum.

Íbúar eru eindregið hvattir til að mæta, fá svör við fyrirspurnum og hafa tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Sveitarstjóri

## Kæru sveitungar senn líður að jólum og þá er mikilvægt að huga að eldvörnum heimilisins.

Ráðlegt er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum einu sinni á ári og að reykskynjarar verði ekki eldri en 8 ára. Á næstu dögum mun slysavarnadeildin og björgunarsveitin verða á ferðinni og bjóða sveitungum ýmsan eldvarnabúnað til kaups. Einnig verður boðið upp á aðstoð við uppsetningu eða rafhlöðuskipti sé þess óskað.

Léttvatnsslökkvitæki 6 kg. kr. 10.000.

Léttvatnsslökkvitæki 9 kg. kr. 11.000.

Reykskynjarar kr. 2.000.

Rafhlöður kr. 500.

Eldvarnateppi kr. 3.500.

Slysavarnadeildin Hringur og Björgunarsveitin Stefán þakkar ykkur stuðninginn á árinu og óskar ykkur ánægjulegrar aðventu og gleðilegrar jólahátíðar.

## Sálubót á aðventunni.

Þriðjudaginn 8. desember mun söngfélagið Sálubót halda aðventutónleika í Þorgeirskirkju kl.20:00.

Stjórnandi: Jaan Alavere.

Undirleikarar: Jaan og Marika Alavere og Pétur Ingólfsson.

Komum og eigum notalega kvöldstund með fjölbreyttum jólalögum og smákökum.

Miðaverð 2.500 kr.



## Æska, ást og friður. Tónlistardagskrá Framhaldsskólans á Laugum Ágætu sveitungar.

Nokkrir nemendur Framhaldsskólans á Laugum hafa síðsta mánuðinn undirbúið tónlistardagskrána *Æska, ást og friður*, undir stjórn Arnórs Benónýssonar. Löggin eru úr ýmsum áttum, frá 1970 - 2013 og tengd saman með léttu spjalli.

Sýnt verður í **Þróttó**, gamla íþróttahúsinu á Laugum:

Föstudaginn 4. des. klukkan 20:00.

Sunnudaginn 6. des. klukkan 20:00.

Mánudaginn 7. des. klukkan 20:00.

Almennt miðaverð er 1.500 kr.

Eldri borgarar 1.000 kr.

Frítt inn fyrir börn á leikskóla- og grunnskólaaldri.

Tilvalið til að létta lundina í skammdeginu ☺

Vonumst til að sjá sem flesta.

Aðstandendur sýningarinnar.